

## **Skil á afdreginni staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur**

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra. Skilaskyldur aðili samkvæmt ofangreindu skal ótilkvaddur greiða afdreginn skatt af fjármagnstekjum á gjaldþaga. Gjaldþagi afdreginnar staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum ársins 1997 er 15. janúar 1998. Eindagi er 30. janúar. Unnt er að skila staðgreiðslu þessari með því að fylla út og greiða meðfylgjandi gíróseðil. Greiða má í bönkum og sparissjóðum, pósthúsum og hjá innheimtumanni ríkissjóðs. Einnig er unnt að fá greiðsluseðil og greiða afdreginn skatt hjá innheimtumanni ríkissjóðs.

### **Leiðbeiningar um útfyllingu gíróseðilsins**

Á gíróseðilinn er búið að árita upplýsingar um greiðanda og greiðslutímabil. Þessar upplýsingar eru síðan lesnar vélrænt þegar skil eru gerð. Ekki er hægt að nota seðilinn fyrir annað en skil á staðgreiðslu af fjármagnstekjum fyrir það greiðslutímabil sem á hann hefur verið ritað.

Greiðslu samkvæmt gíróseðli þessum er unnt að inna af hendi í öllum bönkum, sparissjóðum og pósthúsum eða hjá innheimtumanni ríkissjóðs.

### **Nánar um útfyllingu gíróseðilsins**

- Fjárhæð staðgreiðslu er færð í tvennu lagi; annars vegar staðgreiðsla af arði og hins vegar staðgreiðsla af vöxtum. Samtölureitinn í fstu línunni skal alltaf fylla út, þó svo aðeins þurfi að fylla út annan hinna.
- Hafi engin staðgreiðsla verið innheimt af vaxtatekjum eða arði á árinu, skal gera grein fyrir því með því að setja X í til þess gerða reiti á skilagreinininni.
- Munið að undirrita og dagsetja skilagreininna áður en henni er skilað.

### **Dæmi um útfylltan gíróseðil.**

<b>RSK</b>		<b>Skattur af vöxtum og arði</b>		<b>GÍRÓ-SEÐILL</b>	
		<b>Skilagreinin vegna staðgreiðslu</b>		<b>S 6</b>	
Kennitala	Greiðslutímabil	KR			
010203-4569	1997	Staðgreiðsla samtals	5.477		
Nafn - heimili - póststöð		Staðgreiðsla af vöxtum	5.477		
Ólafur Dýrason Fiskakvísl 17 110 Reykjavík		Staðgreiðsla af arði	0		
Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og að hún er í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn.		<input type="checkbox"/> Engar staðgreiðsluskýldar vaxtagreiðslur á árinu			
15/1/98		<input checked="" type="checkbox"/> Engar staðgreiðsluskýldar arðgreiðslur á árinu			
Dagsetning		Míttökudagur - kvittun		Skuldfærslubeiðni er á 1. samriti	
Ólafur Dýrason		Undirskrift		Frumrit eintak skattstjóra	
RSK 5.20		Tilvísunarnúmer		Seðilnúmer	
		FI		Stofnun-Hb	
		Reikn.nr.		Upphæð kr.	

### **Álag vegna vanskila.**

Ef ekki er greitt í síðasta lagi á eindaga reiknast álag vegna vanskila samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Það er 1% á dag fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærra en 10% og til viðbótar álag sem er hið sama og dráttar-

vextir samkvæmt vaxtalögum fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir eindaga.

Upplýsingar um áfallið álag liggja fyrir hjá innheimtumanni þegar skilagreinin hefur verið skráð hjá skattstjóra.